

**Sp.**

**28. Tillaga til þingsályktunar**

[28. mál]

um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við helztu stofnanir landbúnaðarins og samtök bænda, hvort eigi sé nauðsynlegt að gefa bændum kost á leiðbeiningum um skipulagningu bóa sinna og öðrum hagfræðilegum upplýsingum um hina ýmsu þætti búrekstrar í samræmi við aðstæður á hverjum tíma, og þá hvernig þeirri leiðbeiningastarfsemi verði hagað.

**Greinargerð.**

Margvíslegri rannsókn- og leiðbeiningastarfsemi er nú haldið uppi í þágu landbúnaðarins, og bændur eigi kost á ráðleggingum um marga mikilvæga þætti búskaparins. Ráðunautar á vegum Búnaðarfélags Íslands og héraðasambanda leiðbeina um ræktun, byggingar og kynbætur búpenings, og teiknistofa landbúnaðarins og landnám ríkisins veita veigamikla aðstoð. Mikilvægar tilraunir eru gerðar á vegum búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans og tilraunaráða í jarðrækt og kvikfjárrækt, bændaskólarnir veita almenna búnaðarfræðslu og standa einnig að vissum rannsóknum, og rannsóknarstofa háskólans að Keldum vinnur ómetanlegt starf að vernd bústofnsins gegn sjúkdómum. Enn er margt óunnið og ófullkomið á sviði rannsókna, bæði á jarðvegi, áburðarnotkun og mörgum öðrum sviðum, en öll stefnir þessi starfsemi til meiri fullkomnnunar.

Öll varðar leiðbeiningastarfsemi sú, sem nú er rekin, fyrst og fremst hina tæknilegu hlið búskaparins. Það sýnist því vera mikilvægt að gefa meir gaum hinni hagrænu hlið búskaparins en gert hefur verið til þessa. Nauðsynlegt er, að ungir menn, sem eru að hefja búskap, geti átt kost á leiðbeiningum um það, hvers konar búskapur sé fjárhagslega hagkvæmastur, miðað við aðstæður á hverjum tíma, og hvernig framkvæmdum við uppbyggingu búsinns verði haganlegast fyrir komið.

Án sérstakrar athugunar er ekki auðið að gera sér til hlítar grein fyrir þessu viðfangsefni, en nauðsynlegt er að kanna það í einstökum atriðum. Virðist eðlilegast, að ríkisstjórnin hafi um það forgöngu, í samráði við helztu stofnanir landbúnaðarins og samtök bænda. Auðvelt ætti að vera að veita þessa þjónustu á vegum þeirra stofnana, sem þegar eru starfandi, svo að ný stofnun þarf hér ekki að koma til.